



Fjárlög aftur unnin í flýti, beðið eftir fjármálaáætlun

Einstök fjárlagaafgreiðsla tvö ár í röð

Fjárlög síðustu tveggja ára hafa verið samþykkt við mjög sérstakar aðstæður. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2017 var lagt fram af starfsstjórn og samþykkt í desember í samstarfi allra flokka án starfandi meirihluta á Alþingi. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 var síðan lagt fram í upphafi þings, en eftir fall ríkisstjórnarinnar var annað frumvarp lagt fram af nýrri ríkisstjórn í desember og samþykkt stuttu fyrir áramót.

Segja má að nýleg lög um opinber fjármál hafi tryggt stöðugleika þrátt fyrir þetta ástand tvö ár í röð. Bæði fjármálastefna starfandi ríkisstjórnar og fjármálaáætlun hafa tryggt að ekki hefur verið um róttækar breytingar að ræða í ríkisfjármálum á þessum tíma. Þannig hafa áherslur fyrri ríkisstjórna haldið sér að miklu leyti við fjárlögin bæði 2017 og 2018.

Stóra myndin

Fjárlög voru samþykkt með tæpum 33 ma.kr. afgangi, eða um 1,2% af landsframleiðslu. Um 56 ma.kr. aukin fjárframlög voru samþykkt ef miðað er við fjárlög fyrra árs, en um er að ræða um 30 ma.kr. aukningu gjalda frá því fjárlagafrumvarpi sem fyrri ríkisstjórn lagði fram fyrir í haust. Afgangur á fjárlögum ársins 2018 er áætlaður eilítið meiri en árið áður.


Tekjuauki rúmlega 8% milli ára

Tekjur ríkissjóðs jukust um 64 ma. kr. milli fjárlaga árána 2017 og 2018, eða um 8,3%.

Tekjur vegna skatta á vörum og þjónustu, sem að mestu leyti er virðisaukaskattur, jukust um næstum 29 ma.kr. og skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja jukust um rúma 25 ma.kr. Þessir tveir skattstofnar jukust því um 54 ma. kr., eða um 85% af öllum tekjuauka ríkissjóðs.


Sé hins vegar litið á hvaða tekjustofnar hækkuðu hlutfallslega mest þá var um langmesta hækkun að

Meginstærðir fjárlaga 2017 og 2018




Heimild: Alþingi

Mest aukning tekna milli fjárlaga 2017 og 2018



Heimild: Alþingi

Hlutfallsleg mest aukning tekna milli fjárlaga 2017 og 2018



Heimild: Alþingi



ræða á eignasköttum eða um tæplega fjórðung. Stóru tekjuliðirnir, óbeinir skattar og tekjuskattar jukust um tæplega 10% sem er í góðu samræmi við veltu- og tekjuaukningu í samfélaginu.

Útgjöld aukast mest til heilbrigðismála

Útgjöld ríkissjóðs aukast um 56 ma.kr. milli fjárlagafrumvarpa 2017 og 2018, eða um 7,4%. Að venju jukust útgjöld til flestra málaflokka. Mesta aukningin í krónum talið var til málefna aldraðra og sjúkrahúsþjónustu, en um 9 mö.kr. var veitt til viðbótar í þessa málaflokka. Þriðji stærsti útgjaldaaukinn fór til málefna örorku og fatlaðra, um 7,5 ma.kr. Útgjaldauki til þessara þriggja liða nam því rúmum 25 mö.kr. eða tæplega helmingnum af útgjaldauka milli fjárlaga. Þeir 5 málaflokkar í rekstri ríkissjóðs þar sem útgjöld aukast mest eru á sviði heilbrigðismála og fara um tveir þriðju hlutar útgjaldaukningar í þessa málaflokka.

Hlutfallslega mest aukning inn í kerfið

Sé litið á þá málaflokka þar sem aukning útgjalda er hlutfallslega mest eru æðsta stjórnarsýsla og dómstólar efst á blaði með tæplega þriðjung aukningu milli fjárlaga 2017 og 2018. Þar á eftir koma lyf og lækningavörur og ferðþjónusta. Þessir fjórir liðir virðast því njóta mests forgangs stjórnvalda hvað hlutfallslega aukningu útgjalda varðar.

Fjármagnskostnaður minnkar langmest


Það eru einungis tveir málaflokkar sem lækka að ráði milli fjárlaga 2017 og 2018. Þetta eru í fyrsta lagi fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar og í öðru lagi húsnæðisstuðningur. Fyrirnefndi liðurinn lækkar langmest, um tæpa 12 ma.kr. Sú breyting er í góðu samræmi við stórbætta skuldastöðu ríkisins.

Stór hluti rammans ákveðinn í vor


Fjárlögum er ætlað að byggja fyrst og fremst á fjármálastefnu ríkisstjórnar og fjármálaáætlun sem samþykkt er á Alþingi. Hlutverk fjárlagafrumvarps og fjárlaga er fyrst og fremst að sundurliða betur það sem fram kemur í þessum tveimur undanfarandi samþykktum.

Vegna mikils pólitísks umróts í kringum Alþingi hefur orðið nokkur truflun á þessu ferli síðustu


Mestur útgjaldauki milli fjárlaga 2017 og 2018



Mestur hlutfallslegur útgjaldauki milli fjárlaga 2017 og 2018



Mest útgjaldaminnkun milli fjárlaga 2017 og 2018





misseri. Breyttar áherslur og stefna í ríkisfjármálum munu því væntanlega fá fastari mynd með samþykkt fjármálaáætlunar nú í vor.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.